


INNFÆRT

10. nóv. 2011



Grunnlóðasamningur

Skjal nr.
Móttækið til þinglýsingar

Hrismóar 1

09. nóv. 2011

Stimpilgjald kr. 60.-
Þingl. gjald kr. 2000

Bæjarstjórn Norðurþings gjörir kunnugt með bréfi þessu:

Samkvæmt fundarsamþykki bæjarstjórnar, dags. 25.10.2011 er **Orkuveitu Húsavíkur ehf. kt. 641195-2359** seld á leigu byggingarlóð, sem lýst er í tölulið 1.0. hér á eftir og meðfylgjandi uppdráttur sýnir, með eftirgreindum nánari skilmálum:

1.0. Hið leigða:

Hin leigða lóð er **3782 m²** að flatarmáli eins og sýnt er á meðfylgjandi lóðarblaði. Lóðin er undir og umhverfis raforkuver. Landnúmer lóðar er **186630**. Kvaðir eru á lóðinni í samræmi við samþykkt deiliskipulag af svæðinu. Jafnframt fellur úr gildi eldri samningur um þessa sömu lóð við Orkuveitu Húsavíkur ehf. dags. 27.12.2005.

1.1. Afnot hins leigða:

Lóðin er seld á leigu til bygginga og hverskonar afnota annarra, í samræmi við aðal- og deiliskipulag Norðurþings, eins og um eign væri að ræða.

2.0. Kvaðir og fleira :

2.0.1. Lóðarhafi er skyldugur til að hafa bifreiðastæði innan lóðarmarka samkvæmt samþykktum teikningum um lóðina, ákvæðum viðeigandi laga, reglugerða og skipulags.

2.0.2. Við gróðursetningu trjáa og runna sem og uppsetningu girðingar á lóð skal fara að fyrir mælum gildandi byggingarreglugerða og skipulags.

2.0.3. Skylt er leigutaka að leyfa lagningu holræsa, vatnsæða, raftauga, síma o.fl. þess háttar um leigulóðina án endurgjalds, en sé lóð eða mannvirkjum spillt með því, komi bætur fyrir eftir samkomulagi eða mati.

2.0.4. Leigutaki skal hafa byggt á lóðinni áður en eitt ár er liðið frá því honum var tilkynnt, að lóðin væri seld honum á leigu, ella fellur hún aftur til bæjarins endurgjaldslaust. Sama gildir ef leigutaki rífur niður hús á lóðinni eða þau brenna og er þá leiguréttur hans til lóðarinnar fallinn niður, hafi hann ekki byggt á lóðinni innan eins árs frá því að húsinn brunnu eða voru rifin niður.

3.0. Lóðargjöld:


Leigutaki greiðir lóðargjöld til bæjarsjóðs af hinni leigðu lóð, samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða, eins og hún væri ekki eign bæjarsjóðs.

4.0. Lóðarleiga - gjalddagi leigu:

Leigutaki skal greiða bæjarsjóði ársleigu af lóðinni samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar um lóðaleigu á hverjum tíma. Nú er lóðin ómetin og verður þá leiga eftir hana *kr. 100* á ári, uns fasteignamat gengur í gildi.

Gjalddagi leigunnar er sá sami og gjalddagi fasteignagjalda, í fyrsta sinn á árinu 2011.

og er leigan tryggð með forgangsveðrétti í leiguréttindum leigutaka og húsum og mannvirkjum á lóðinni. Sé leigan ekki greidd á réttum gjalddaga, má til lúkningar henni gera fjárnám í leiguréttindum, húsum og mannvirkjum á lóðinni án dóms eða sáttar, skv. 15. gr. laga nr. 29/1885, eða selja veðið á opinberu uppboði án dóms, sáttar og aðfarar, samkv. 39. gr. laga nr. 95/1947.



5.0. Skattar og opinber gjöld:

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld af lóðinni til hins opinbera, sem lagðir kunna að verða á leigulóðina sem gjaldstofn.

6.0. Framsal leiguréttar - veðsetning - þinglýsing.

Heimilt er leigutaka að selja eða veðsetja leigurétt sinn samkvæmt samningi þessum ásamt með húsum sínum og mannvirkjum á lóðinni.

Skylt er leigutaka að láta þinglesa þennan leigusamning á sinn kostnað, að öðrum kosti getur bæjarstjórn látið þinglesa hann á kostnað leigutaka.

7.0. Leigutími:

Með framanrituðum skilmálum er leigutaka leigð lóðin til ótakmarkaðs tíma svo lengi sem hann eða þeir, er í hans stað koma, fullnægja skyldum sínum samkvæmt samningum.

8.0. Ágreiningsmál:

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Bæjarstjóri Norðurbings 9/11 2011

Björgvin Elías Þorsteinsson
NORÐURBING


Samþykktur framanrituðum grunnlóðasamningi.

Leidís Elfa Jónsdóttir
ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR

Vottar að réttu dagsetningu, undirskrift og fjárræði útgefanda:

Oskar Óli Jónsson 191154-5419
nafn/kennitala:

Péla Þ. Eggert 010968-5939
nafn/kennitala:



NORÐURBING		SKRIFSTOFA	
GRUNNLÓÐAUPPDRATTUR		BYGGINGAFULLTRÚA	
HRISMÓAR 1		Teikn. nr.	bl.
		Mælik varði 1:500	Reikn: T J Teikn: T J
		Ath.	
Dags.	Sept. 11	Somp.	